

Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoli 2
861 Hvolsvöllur

Reykjavík, 19.1.2024
UST202302-114/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 16. desember 2023 þar sem fram kom að frávík hefði verið skráð í eftirliti í landeldisstöð Veiðifélags Eystri Rangár í Eyjarlandi þann 10. október 2023. Þann 17. janúar 2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.9 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðann fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Er sá búnaður til staðar. Við eftirlit kom í ljós að fiskur hefur sloppið í gegnum fyrstu setgildruna og út í settjörn. Þarf því að gera athugun og endurbætur á frárennsliskerfinu til að fyrirbyggja að slík atvik endurtaki sig. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að allir hlutar frárennsliskerfisins hafi verið athugaðir og talað við alla starfsmenn varðandi málið. Fram kemur að gat hafi verið á rist og verklagi hjá starfsmönnum hafi verið ábótavant. Skv. rekstraraðila hefur umræddri rist verið skipt út og hefur öllum starfsmönnum verið kennt hvernig réttilega skuli staðið að því að henda dauðum fisk, þ.e.a.s. setja hann í sérstakan gám fyrir utan, ásamt því að óheimilt sé að fjarlægja rist. Í úrbótaáætlunni er mynd af úrbótum. Fram kemur að eftir að gripið hafi verið til framangreindra aðgerða hafi dauður fiskur ekki fundist í setgildru eða settjörn.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbætur rekstraraðila og telst frávikinu lokið. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur